

Föstudaginn 25. apríl 1986.

Nr. 143/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Einar Sverri Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. þ.m. er barst Hæstarétti 21. þ.m., að því er ætla verður í því skyni að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 18. apríl 1986.

Ár 1986, föstudaginn 18. apríl er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 krafist þess, að kærði, Einar Sverrir Einarsson, fæddur 11. ágúst 1944, með lögheimili að Safamýri 65, Reykjavík, en án fasts samastaðar, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl nk. kl. 17:00 vegna gruns um innbrot og þjófnað.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir:

Aðfaranótt 17. mars sl. var brotist inn í Söluskála og bensínafgreiðslu Skeljungs í Þorlákshöfn og stolið m.a. kr. 79.000,- í peningum, óframseldum ávísunum að fjárhæð samtals kr. 34.500,-, og ýmsum vörum, aðallega tóbaksvörum og filmum, að innkaupsvirði um kr. 150.000,-. Töluverð spellvirki voru unnin í innbrotinu.

Á vettvangi fundust för eftir þrenns konar skó.

Fljótlega beindist grunur að Páli Konráð Konráðssyni Þormar og Grétari Péttri Sigurðssyni, og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðahald, fyrst frá 28. mars til 9. apríl, en þá var gæsluvarðhald þeirra framlengt allt til 23. apríl nk., og sæta þeir því enn.

Sterk rök hníga að því, að Páll Konráð hafi átt aðild að innbrotinu, og eru þau í samræmi við framburð Grétars Péturs, sem hefur játað að hafa ásamt þeim Páli Konráð og kærða, Einari Sverri, verið þarna að verki. Kærði neitar sök.

Við frumathugun á skóm, sem kærði var í í dag, er hann var handtekinn, svo og við samanburð á þeim og skóförum, sem fundust á innbrotstaðnum, virðast ein skófaranna geta verið eftir skó kærða.

Af hálfu RLR er nú lögð mikil áhersla á að finna sem mest af þýfinu úr innbrotinu. Hætta er á, að kærði geti spillt rannsókn málsins, ef hann heldur óskertu frelsi. Þykir því rétt, með hliðsjón af framansögðu og vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi svo sem krafist er. Brot það, sem kærði er grunaður um, getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt 244. gr. alm. hegningarlaga, ef sök sannast, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Einar Sverrir Einarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. apríl 1986 kl. 17:00.